

Velferðarnefnd

8.fundur

21.janúar.2024

Mættir eru: Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir, Stefán Smári Kristófersson, Viktoría Sif Viðarsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir og Kristgeir Kristinsson.

Fundur settur klukkan 13.00

Farið yfir fundargerð síðasta fundar

Bréf til bæjarstjórnar

Nefndin ræðir bréfaskrif til bæjarstjórnar þar sem nefndin óskar eftir því að íbúðarmál verði tekin af ábyrgð velferðarnefndar. Það virðist nokkuð ljóst að það er hvorki vilji né áhugi hjá bæjarstjórn að nefndin komi að þessum málum og teljum við því rétt að fara fram á það við bæjarstjórn að hlutverki nefndarinnar verði breytt á þann hátt að hún fjalli ekki lengur um húsnaðismál Snæfellsbæjar á nokkurn hátt. Samþykkt að senda bréf.

Forvarnarmál

Lögreglan kynnti samstarfsverkefni fyrir áramót sem snýr að forvarnamálum barna og unglunga í samfélaginu. Kristgeir sat fundinn fyrir hönd velferðarnefndar og Viktoría fyrir hönd heilsugæslunnar. Beðið eftir næsta fundarboði.

Akstursþjónusta

Komin er af stað akstursþjónusta fyrir fatlaða sem bærinn sinnir, sem nefndin er mjög ánægð að sjá. Þjónustuna á að endurmeta m.t.t. skipulags og fleira í lok janúar.

Fundi slitið klukkan 14.16